

# Hugsunarferli varnarspilarans (1)

## Hvernig hugsar góður varnarspilari?

Góður varnarspilari byrjar alltaf á því að viðá að sér **UPPLÝSINGUM**. Helstu upplýsingabrunnarnir eru **SAGNIR**, **ÚTSPIL OG KÖLL MAKKERS**, og **SPILAMENNSKA SAGNHAFI**.

Út frá þessum upplýsingum reynir hann að gera sér grein fyrir hvað vitað er fyrir víst um **SKIPTINGUNA** og **DREIFINGU PUNKTA**. Hann reynir að **TEIKNA** upp allar hendur.

Oft liggur spilið kristaltært fyrir eftir þessa frumvinnu, en stundum ríkir óvissa um einhver atriði. Þá er að setja fram **TILGÁTU**. Ef fleiri en ein tilgáta virðist geta gengið upp, er skynsamlegt að skoða hverja tilgátu út frá sjónarhorni *allra* spillara við borðið - skipta um sæti í hugarum. (Dæmi: Makker sagði pass við 1♥. Hefði hann gert það með ÁDxxx í spaða?)

Síðasta verkið að **TELJA SLAGI** sagnhafa og varnarinnar. Af því ræðst **HRAÐASTIG** varnarinnar - hvort spila eigi **HVASST** eða fresta átökum og **BÍÐA ÁTEKTA**.

Settu þig í spor *vesturs*, sem tekur upp þessi spil:

VESTUR

♠ 95  
♥ DG1054  
♦ ÁG108  
♣ 95

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 G
Pass	2 ♣ *	Pass	2 ♠
Pass	2 G	Pass	Pass
Pass			

Útspilið er ekki vandamál (hjärtadrottning), en áður en þú spilar út ættirðu að reyna að gera þér grein fyrir því sem þú veist. Til dæmis: Hvað áttu von á mörgum **PUNKTUM** í borði og hjá sagnhafa? Út frá því sérðu nokkurn veginn hvað makker á marga punkta?

## Hugsunarferli varnarspilarans (2)

Þú ert í vestur ... og spilar út ♥ D gegn 2G ...

NORÐUR  
♠ D4  
♥ 962  
♦ D43  
♣ KG1086

VESTUR  
♠ 95  
♥ DG1054  
♦ ÁG108  
♣ 95

AUSTUR  
♥ 8

SUÐUR  
♥ Á

Suður gefur. AV á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 G *
Pass	2 ♣ **	Pass	2 ♠
Pass	2 G	Pass	Pass
Pass			

\* 15-17 HP.

\*\* Kerfisins vegna verður norður að fara í gegnum 2♣ til að gefa áskorun í 3G - svarið beint á 2G væri yfirfærsla í tígul.

**GAGNAÖFLUN:** Grandopnun Suðurs er 15-17 HP og úr því hann tók ekki áskorun er hann með 15 punkta eða slaka 16. Í borði eru 8 punktar, þannig að sóknin á samtals 23-24 og makker þar með 8-9. Þessar upplýsingar koma ekki við sögu alveg strax, en það er ágætt að venja sig á að safna þeim saman í byrjun spils.

**FYRSTI SLAGUR:** Makker lætur ♥8 undir drottinnuna og sagnhafi tekur með ♥Á. Hvernig er hjartastaðan?

**ANNAR SLAGUR:** Sagnhafi spilar ♦2 að blindum. Hvað vakir fyrir honum?

Hvernig viltu verjast?

## Hugsunarferli varnarspilarans (3)

Þú ert í vestur ... og þarft að vera á tánum í öðrum slag ...

NORÐUR

♠ D4

♥ 962

♦ D43

♣ KG1086

VESTUR

♠ 95

♥ DG1054

♦ ÁG108

♣ 95

AUSTUR

♠ ÁKG103

♥ 873

♦ 76

♣ 742

SUÐUR

♠ 8762

♥ ÁK

♦ K952

♣ ÁD3

Suður gefur. AV á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 G
Pass	2 ♣	Pass	2 ♠
Pass	2 G	Pass	Pass
Pass			

### Hvernig er hjartastaðan?

Hjartaátta makkers er frávísun, þannig að sagnhafi á ♥ÁK. Austur getur ekki hafa byrjað með ♥K8, því þá hefði hann *yfirtekið* drottninguna til að koma í veg fyrir stíflu.

### Hvað vakir fyrir sagnhafa að spila tígli?

Suður á örugglega tígulking, annars væri hann ekki með öllum mjalla. En það er eigi að síður mjög grunsamlegt að sagnhafi skuli fara í hriplekan tígulinn í upphafi, frekar en að spila laufi, sem er augljóslega betri litur. Ástæðan er sennilega sú að sagnhafi *þarf ekki* að spila laufinu - hann á sjálfur ♣ÁD. Sé það rétt ályktað gæti tíguldrottningin í borði verið áttundi slagurinn.

Förum yfir stöðuna og **teljum** fyrst **punkta**: Suður er með ♥ÁK=7, ♦K=3 og ♣ÁD=6. Samtals 16. Hann á því ekki einn einasta punkt í spaða. **Teljum** næst **slagi**: sagnhafi á tvo slagi á ÁK í hjarta, fimm á lauf og EINN á tígul ef þú leyfir honum að fá á drottninguna í borði. Vörnin blasir nú við: UPP með tígulás og spaðanían út. Vonandi á makker TÍUNA í spaða með ÁKGxx.

Hugsunarþrepin eru þrjú: (1) Staðreyndir. (2) Ályktanir (3) Stöðumat.

## Hugsunarferli varnarspilarans (4)

### STAÐREYNDIR - ÁLYKTANIR - STÖÐUMAT

NORÐUR

♠ D4

♥ 962

♦ D43

♣ KG1086

VESTUR

♠ 95

♥ DG1054

♦ ÁG108

♣ 95

AUSTUR

♠ ÁKG103

♥ 873

♦ 76

♣ 742

SUÐUR

♠ 8762

♥ ÁK

♦ K952

♣ ÁD3

Suður gefur. AV á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 G
Pass	2 ♣	Pass	2 ♠
Pass	2 G	Pass	Pass
Pass			

(1) **STAÐREYNDIR.** *Upplýsingum safnað saman. Hvað er vitað um skiptinguna og dreifingu punkta?*

Grandopnunin er 15-17. Suður tók ekki áskoruninni í 3G og er því með 15-16 HP. Þú átt 8 HP og blindur einnig, svo það er fljótreyknað að makker á 8 HP. Þá er ljóst að austur á fimmlit í spaða. Makker vísaði hjartanu frá og á því ekki kónginn. Sagnhafi byrjað með 7 punkta í hjarta, ÁK.

(2) **ÁLYKTANIR.** *Fyllt í eyðurnar og tilgáta sett fram um spilið í heild.*

Suður kemur á óvart þegar hann spilar tígli, þar sem þú átt ÁG108. Hann hlýtur að eiga kónginn, en af hverju spilar hann ekki laufi? Gæti það verið vegna þess að hann þurfi þess ekki?

(3) **STÖÐUMAT.** *Slagir sagnhafa og varnarinnar taldir. Er þörf á róttækum aðgerðum eða er rétt að bíða og láta sagnhafa eftir frumkvæðið?*

Sagnhafi virðist eiga 2 slagi á hjarta og 5 á lauf. Og einn á tígul EF vestur sefur á verðinum.